

Fundargerð skólaráðs Fjölbrautaskólans í Garðabæ

3. fundargerð á haustönn 2023

miðvikudaginn 4. október kl. 11:15

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda. Ekki er hægt að sækja um leyfi fyrir fleiri en fimm dögum á önn. Leyfi vegna íþróttá eru afgreidd strax en umsóknir um önnur leyfi fá ekki endanlega afgreiðslu fyrr en í lok annar. Samþykkt leyfisumsókna er háð því að skólasókn sé að minnsta kosti 97% fyrir utan þá 1-5 daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólinn gefur ekki leyfi á námsmatsdögum.

Rætt um leyfi nemenda til allmenntæfingaferða og skilgreininga á keppnum s.s. almenningshlaupum og ákveðið að leita eftir afstöðu íþróttadeildar.

B. Aðrar umsóknir

Umsóknir um undanþágu frá dönskunámi. Samþykkt enda höfðu nemendur undanþágu frá dönskunámi í grunnskóla.

Umsókn um undanþágu frá stærðfræðinámi vísað til umsagnar frá stærðfræðideild.

Umsókn um undanþágu frá mætingu frá kl. 11:00 – 12.30 vegna hádegisæfinga hjá íþróttafélagi og í íþróttum á fimmtudögum frá kl. 8:10 – 9:10. Vísað til umsagnar frá íþróttadeild.

2. Af vettvangi NFFG

Rætt um hvað er á döfinni.

- FG - Flensborgardagurinn verður 19. október í Flensborg.
- Nemendur ætla að vera með uppákomur á skólatíma tengdar hrekkjavöku.
- Salsaball verður í desember.

3. Önnur mál

- Opinn fundur NFFG og skólastjórnenda var haldinn í morgun og gekk mjög vel. NFFG voru sérlega vel undibúinn.
- Aðrir væntanlegir viðburðir á landsvísu eru bleikur dagur 20. október og þá hafa á fjórða tug félagasamtaka boðað heilsdags kvennaverkfall þann. 24. október næstkomandi og hvetja konur og kvár til að leggja niður launuð og ólaunuð störf þennan dag.

Fundinn sátu:

Kristinn Þorsteinsson, skólameistari

Anna María Gunnarsdóttir, aðstoðarskólameistari og fundarritari

Auður Sigurðardóttir, náms- og starfsráðgjafi

Berglind M. Valdimarsdóttir, forvarnafulltrúi

Dagný Hulda Broddadóttir, náms- og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason, verkefnastjóri

Guðrún Fjóra Ólafsdóttir, forseti NFFG

Kristín Helga Ólafsdóttir, áfangastjóri

Laufey Rán Svavarsdóttir, fjármálastjóri NFFG

Sigríður Anna Ásgeirsdóttir, fulltrúi kennara

Tinna Ösp Arnardóttir, félagsmálafulltrúi